

Foreldraráð Verzlunarskóla Íslands Fundargerð

Fundur í stjórn foreldrafélagsins haldinn þann 8. febrúar 2016 í fundarsal Verzlunarskólans.

Mætt eru: María Björk, Hjördís, Margrét Ármann, Svandís, Helga María, Hafsteinn, Sæunn og Brynja.

1. Gjaldkeraskipti. Undirrituð bankaskjöl vegna breyttra prófkúruhafa á bankareikningi eftir að gjaldkeraskipti urðu. Stjórn skrifar undir pappíra því tengt
2. Fjárhagsstaðan - erfitt er að sjá hvernig innheimtur hafa gengið en það liggur fyrir þegar að prófkúruskipti hafa orðið - stjórn verður tilkynnt um það síðar í tölvupósti.
3. Umræða um ballgæslu Nemendamótsins, farið var yfir skjal með tillögum að bættri aðkomu og inngöngu nemenda inn á böllin sem lagðar voru fyrir skólustjórn/nemendur þann 1. febrúar með hvatningu um að nýta sér sem mest af ábendingunum. Almenn ánægja með hve mikið var tekið tillit til okkar ábendinga, og allir voru á tánum með að allt gengi vel. Stjórn mun óska eftir að fá endurgjöf frá stjórnendum skólans hvernig þeim fannst þetta ganga.
4. Það hefur gengið mjög vel að manna gæsluna í vetur og er það mikill munur frá því sem áður var. Frábært hvað Svandís hefur haldið vel utan um málið og sent póst eða hringt skipulega í þá sem skráðu sig á ballgæslu-listann á foreldravöldinu í haust. Mikilvægt að vinna áfram með þetta skipulag á komandi misserum.
5. Kakó-kittið, teppi o.fl. - ákveða hvert "innihaldið" á að hverju sinni og hvar það á að geymast á milli balla til að hægt sé að ganga að því sem vísu fyrir hvert ball. Hvar eru t.d. teppin núna? Kannski bara ágætt að búa til leiðbeiningaspjald til viðmiðunar sem kakó-stjóri hvers balls fær sent. María leggur til að kittið sé geymt hjá húsverði og sá sem sér um kakóið hverju sinni sér um að sækja það og skila svo aftur til húsvarðarins. Svandís tekur að sér að gera drög að leiðbeiningaspjaldinu.
6. Lögð fram til samþykktar ályktun foreldraráðs um að 2. árið verði skyldað til að blása í áfengismæla a.m.k. fram að áramótum sbr. umræðu á foreldraráðsfundi fyrir áramót. Jafnframt var rætt að foreldrafélagið væri tilbúið til að koma til móts við aukinn kostnað sem hlotist gæti af því að breyta fyrirkomulaginu t.d. með kaupum á áfengismælum.

Ályktunin sem samþykkt var einróma hljómar svona:

Foreldraráð Verzlunarskólans – ályktun varðandi blástur nemenda í áfengismæla

Foreldraráð Verzlunarskólans hefur tekið til sérstakrar umræðu forvarnargildi þess að nemendur blási í áfengismæla á skólaböllum skólans. Stjórnin er sammála um mikilvægi þess að yngstu nemendurnir séu skyldaðir til að blása í áfengismæla fyrir böll og telja fullvíst að það dragi úr freisting þeirra að láta undan félagslegum þrýstingi að byrja að drekka áfengi í upphafi framhaldsskólagöngu.

Fulltrúar í stjórn foreldraráðsins eru ennfremur einhuga um að framlengja ætti „skyldu“tíma blásturs í áfengismæla þ.e.a.s. að allir nemendur á fyrsta og öðru ári í Verzlunarskólanum verði skyldaðir til að blása a.m.k. fram til áramóta í öðrum bekk. Við hvetjum skólustjórnendur til að taka af skarið og gera fyrrgreinda breytingu frá og með næsta hausti.

7. Næsta foreldravöld – ræddar hugmyndir og ákvörðun um næsta viðburð/fyrirlestur fyrir nemendur og foreldra og hvort hann ætti að vera sameiginlegur eða í sitthvoru lagi? Almennt talið betra að hafa nokkurn veginn sama fyrirlesturinn en í sitthvoru lagi þ.e. þá með aðeins ólíkri nálgun. Ræddar voru tillögur að viðfangsefni ... mikið hefur verið rætt um KVÍÐA - kannski áhugavert fyrir foreldra og nemendur að fá góðan fyrirlestur og ráð um það viðfangsefni? Einnig áhugavert að fjalla um hve mikið er lagt í árangur og frammistöðu. Ákveðið var að setja hugann í bleyti og kasta hratt á milli okkar hugmyndum að fyrirlesurum á netinu. Allir sammála

um að betra væri að reyna að halda fyrirlestrana frekar fyrr en síðar því tíminn flýgur hratt frá okkur.

8. Inna - hvernig er það að virka fyrir foreldra? Mál manna að þetta virki ekki sem skyldi og sé of flókið, verður að einfalda þetta ef fólk á að nota þetta að einhverju ráði.

9. Fundur með skólastjórn - tillaga að umræðuefni og ákvörðun um dagsetningu

- Fara lauslega yfir stöðu mála hjá Foreldraráðinu það sem af er vetri
- Hvernig hefur skólaárið gengið fram til þessa
 - Lífið í skólanum svona almennt
 - Hvað er efst á baugi?
 - Miðannarmatið i haust
 - Námið hjá krökkunum - jólaprófin
 - Brottfall?
 - Fyrsta árs nemar í 3ja ára náminu.
 - Einhverjar aðlaganir eða breytingar fyrirhugaðar á náminu / námslínunum?
 - Námsmat/símat
- Innritun nýnema fyrir næsta skólaár.
 - Fyrirhugaður fjöldi nýnema.
 - Kynning skólans á nýju fyrirkomulagi
 - Hvernig á að meta vægi og viðmiðun bókstafanna í mismunandi skólum
- Einhverjar úttektir eða rannsóknir á skólanum / skólastarfinu t.d. á vegum Menntamálaráðuneytisins?
- Hvernig gengu foreldraviðtölin nú í janúar?
 - Tímasetningin - hvað ræður henni?
 - Dálítið skrítið að hitta kennara sem er hættur að kenna en hefur umsjón með nemandanum.
- Skólaböllin - aðkoma / inngangur
 - Umræða um síðasta ball, fara yfir samantektina frá foreldraráðinu ef þurfa þykir og fá staðfestingar á breytingum sem vel gengu o.s.frv.
- Edrúpotturinn
 - Er skólinn búinn að draga úr vinningum í pottinn eftir að foreldraráðið fór að gefa vinninga? Hugmyndin var að bæta við en ekki að annað myndi minnka við það! Munum eftir vinningum á borð við iphone o.fl.
 - Heyrst hefur umræða nemenda um sanngirni þess að 3ju bekkingar fái mest úr edrúpottinum þegar að þau þurfa hvort sem er að blása ... kannski alveg sanngjarnar vangaveltur og eitthvað til að ræða!
 - Sú hugmynd kom fram á fundi foreldraráðsins hvort sniðugt væri að bjóða upp á bekkjarverðlaun þ.e. ef heill bekkur kemur edrú á ball og blæs þá fái hann einhver skemmtileg verðlaun til að efla bekkjarandann.
- Fá upplýsingar um skóla/nemendaferðir til útlanda - verkefnavinna

10. Fundur með Nemendafélaginu ... rætt hvort við ættum að stefna á slíkan fund fyrr en síðar og þá ræða t.d. skólabraginn, fá hugmyndir frá nemendum um hvort foreldrafélagið geti komið að einhverju þau eru að velta fyrir sér eða hafa áhuga á o.s.frv.

11. Næstu viðfangsefni foreldraráðsins á vorönninni? Stefnt er að því að halda fræðslufund fyrir foreldra/nemendur. Tvö böll eftir á vorönninni auk þess að við stefnum á að hitta stjórnendur skólans.

Fundi slitið klukkan 19:00

fundarritun

Helga Sverrisdóttir